

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Blóðfitulækkandi lyf

ATC flokkur: C10A - lyf til temprunar á blóðfitu
C10AX13 – evolocumab (Repatha®)
C10AX14 – alirocumab (Praluent®)
C10BA02 – ezetimíb og simvastatín (Inegy®)
C10BA05 – ezetimíb og atorvastatín (Atozet®)

Dagsetning: 1. febrúar 2020

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í ATC flokkunum C10 A og eru þær G -merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf **ekki** að sækja um lyfjaskírteini. Ef hagkvæmustu lyfin reynast ófullnægjandi getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum. Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Meðferð með a.m.k. tveimur hagkvæmustu lyfjunum hafa reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir leiði til þess að stöðva þurfi notkun þeirra, nema sérstök rök mæli með öðru.
- Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

Viðbótarskilyrði fyrir Praluent® og Repatha®

- Einstaklingur með alvarlega ættgenga blóðfituhækkun.
- Fyrirbyggjandi meðferð eftir hjartaáfall fyrir einstakling með LDL-kólesteról ≥ 2.5 mmól/L.

Fyrsta umsókn skal gerð af sérfræðingi með sérþekkingu í hjarta- og æðasjúkdómum

Viðbótarskilyrði fyrir Inegy® og Atozet®

- Viðunandi árangur hefur ekki náðst með blóðfitulækkandi lyfi einu sér, eftir a.m.k. 3ja mánaða meðferð á ≥ 40 mg af simvastatín/atorvastatín eða ≥ 20 mg af rósuvasatín.

Gildistími: 5 ár